

OPIÐ BRJEF

61
3. des.

er stefnir saman Alþingi til reglulegs fundar 6. febrúar 1926.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldenberg,

Gjörum kunnugt: Að Vjer samkvæmt stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920, allramildilegast höfum ákveðið að láta Alþingi koma saman til reglulegs fundar laugardaginn 6. febrúar 1926.

Um leið og Vjer birtum þetta, bjóðum Vjer öllum þeim, sem setu eiga að hafa á tjeðu Alþingi, að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þar þá sett Alþingi, eftir að guðsþjónustugjörð hefir farið fram í dómkirkjunni.

Gefið á Amaluborg, 3. desember 1925.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jón Magnússon.